


Jacques Monory

Jacques Monory

Kuldi

Kjarvalsstaðir, Listasafn Reykjavíkur

Febrúar – mars 1997



RÁDGÁTA NR. 2, 1991 – 150 x 230 cm

## Inngangur

Í byrjun sjöunda áratugarins komu fram í Frakklandi listamenn með nýtt málverk – La Figuration

Narrative – sem var meðvitað andsvar við bandarísku popplistinni. Andstætt henni vildu þessir ungu framsæknu listamenn vera gagnrýnir bæði á listina og samfélagið. Jacques Monory var einn af leiðtogum þessa hóps. Myndir hans eru samfélagslegar, fjalla um hversdagslífið þar sem áhorfandinn er ýmist áhorfandi eða þátttakandi í flóknu myndrými sem sækir tilvísanir oft og iðulega í myndskeið kvikmyndanna. Myndir hans eru oftast í bláum lit, sem kallar fram kuldalegar tilfinningar, fjarlægð, og minna okkur jafnframt á að list hans byggist ekki á raunveruleikanum sjálfum heldur á raunveruleik myndanna.

Fyrir hönd menningarmálanefndar bið ég Jacques Monory velkominn með verk sín á Kjarvalsstaði.


Formaður menningarmálanefndar Reykjavíkur







Ljósmynd: Maya Sachwed



RÁÐGÁTA NR. 24, 1995 – 170 x 340 cm

## Jacques Monory; frá ráðgátu til dæmisögu

Hesiðos er meistari hins mikla fjölða.

Allir trúu því að Hesiðos þekki fleiri hluti en aðrir. Hann sem þekkir ekki einu sinni daginn og nöttina, því dagur og nótt eru eitt.

Heraklítos

öld. Í orðabók Roberts hinni minni er eftirfarandi skilgreining á orðinu: „ráðgáta sem skilgreind er eða lýst með óljósum hætti.”

Í spurningaleik er ekki sóst eftir öðru en prófa þekkingu þess sem spurður er, leyndardómur er yfirleitt skilgreindur sem eitthvað sem nær út yfir mörk mannlegrar reynslu, en ráðgátan hefur sérstöðu vegna þess hvað hún er tvírað.

Yfirleitt byggist spurningaleikur á einhvers konar orðaleik og felur ekki í sér neins konar nýja upplýsingu eða þekkingu. Þegar svarið er fundið missir spurningin að-dráttarafl sitt. Í ráðgátu er orðum eða annars konar vísbindingum hins vegar stillt þannig upp að gátan myndar lítinn lokaðan heim, nokkurs konar kosmos og viðfangsefnið er að finna merkingu hans. Í tilvitnuninni í Heraklítos hér að ofan búa mikilvægustu orðin til dæmis yfir merkingu sem á sér nokkrar skilgreiningar í orðabókum og enn fremur óljósri merkingu sem ekki liggur strax í augum uppi og gæðir setninguna dularfullu lífi. Sögnin að „þekkja” er notuð þarna með neitun og hún er tengd degi og nótt en verður í þessu samhengi ekki einskorðuð við venjulega merkingu sína þar eð Hesiðos vissi fullvel um muninn á myrkri og birtu sem snúningur jarðar veldur. „Þekkja”, „dagur og nótt”, „eitt”; öll þessi orð öðlast nýja merkingu í þessu samhengi og þá merkingu er ekki hægt að skilgreina nema í þessu ákveðna samhengi, þessum lokaða merkingarheimi sem er einstæður og verður ekki formgerður á annan hátt.

Ráðgátan er þannig ólík spurningaleiknum og leyndardómnum en þessi mismunandi fyrirbæri geta svo sem tengst á ýmsan hátt og runnið jafnvel stundum saman í eitt. Ef við veltum fyrir okkur einni af frumgerðum ráðgátunnar, svonefntri „sfinxráðgátu”, er freistandi í upphafi að líta svo á að Ödípus hafi í raun einfaldlega fundið svar í spurningaleik. Í þess háttar leik hefur svarið sjálft ekki reginmerkingu en í þessu tilviki má segja að Ödípus hafi breytt spurningaleik í ráðgátu. Svar hans tengir saman fyrirbærin maður-dýr, dagur-líf (vísun í ævinnar skamma tíma), að ógleymdu egypská sólartákninu sem sfinxgátan vísar til.<sup>1)</sup>

Bókstafleg útleggung á grísku orðinu *ainigma* er á þessa leið: „torskilinn texti settur fram sem ráðgáta.” Þetta er sama merking og fólginn hefur verið í franska orðinu *énigme* allar götur frá 16.



RÅDGÅTA NR. 17, 1995 – 170 x 340 cm



RÅDGÅTA NR. 22, 1995 – 170 x 340 cm

Auk þess er þessi saga hluti af goðsögulegri heild sem má líta á sem ráðgátusafn. En svar Ödipusar leiðir af sér hroðalegan harmleik sem dregur tjaldið frá leyndardómi mannlegra örlaga svo sem óviljandi sektar og sambands manns og guða. Á þennan hátt leiðir ráðgátan inn í leyndardóminn. Hún er hinn greinanlegi hluti hans. Þetta minnir einmitt á grundvallaratriði í verkum Jacques Monory.

„Ég segi ráðgáttur vegna þess að ólíkt fyrri myndsyrum, þar sem hvert einstakt málverk hafði skýra merkingu, þá er ég núna að vinna að verkum sem búa yfir merkingu sem ég næ ekki að gera mér grein fyrir nema að hluta til. Ég byrja að mála mynd og veit þá alls ekki hvernig hún á eftir að þróast; fyrir sjálfum mér er hún ráðgáta.“<sup>2)</sup>

Vissulega er listsþópur leyndardómur, að minnsta kosti er afar erfitt að gera grein fyrir því hvaða öfl eru að verki við sköpun listaverks og hvernig þau virka. Hvernig kemur hugmynd? Er um að ræða einhvers konar hugar-mynd áður en vinnan við verkið hefst og það sjálf þá ekki annað en útfærsla þeirrar hugmyndar?... Hvernig vinnur listamaður?... Lifir listamaður til þess að skapa eða skapar hann til þess að lifa?... Hver er hlutur í myndunaraflsins, innblásturs, sköpunarkraftsins, vinnunnar, hæfileika, innsæis, áforms, skynsemit, tilfinninga, hugmynda, útfærslu..? Þetta er algjör leyndardómur. Sem betur fer.<sup>3)</sup>

En margar af þessum spurningum eru hugmyndafræðilega litaðar og bornar fram í einfeldni eða hugsanaleti. Það er ekki bara „almenningur eða venjulegt fólk“ sem þannig spyr; „sérfræðingar“ í listum og listamennirnir sjálfir eru líka í þeirra hópi enda þótt oft sé reynt að stilla þessum aðilum upp sem andstæðingum. Þessar spurningar eiga það sammerkt að byggjast á einfeldningslegum hugmyndum um eðli sköpunarstarfs. Í þessu sambandi er ágætt að rifja upp athugasemd Pauls Valéry sem á prýðisvel við um list almennt og reyndar sérstaklega um það sem snýr að vinnslu verka (sbr. frummerkingu sagnarinnar sem grískar orðið póesía er dregið af; *poeion*: að gera, búa til), en Valéry segir: „Sumir hafa svo þokkennda hugmynd um ljóðlist að þeir halda að þessi þoka sé grunnhugmynd ljóðlistarinnar.“

Jacques Monory virðist einkum hafa áhuga á þeim hlutum í nútímaþjóðfélagi og listum (þar með talinni hans eigin list) sem bera vitni um merkingarkreppu. Alls-herjar merkingarkreppu. Pessi afstaða hans er óralangt frá hinni rómantísku (eða póstrómantísku) hugsun um leyndardóm listsþópunar.

Í þessari vægðarlausu athugun hans felst ekki vottur af sjálfumgleði né heldur eftirsjá eða söknuði eftir liðinni til þó svo hann sé vissulega meðvitaður um þann áberandi þátt nútímalistar að spyra í sífellu, stundum á hneykslanlega opinskáan hátt, hvar listin byrji og hvar hún endi. En hann veit fullvel að listin er alltaf að sýnast vera eitt-hvað og kemst aldrei undan því að gefa í skyn einhverja merkingu (jafnvel í list fáran-leikans). Monory reyndi mjög fljótlega að losa sig úr viðjum þessarar hugmyndalegu



10

RÁÐGÁTA NR. 23, 1995 – 170 x 340 cm



RÁÐGÁTA NR. 19, 1995 – 170 x 340 cm

þversagnar með því að skilgreina listsköpun sína sem tilraun til þess að losna við ákveðna merkingu og breyta þessari tilraun í grunnmerkingu listar sinnar. Þetta minnir okkur á Heidegger sem gerir í eftirmála bókar sinnar Uppruni listaverks glögga grein fyrir því að það stendur ekki til að leysa „ráðgátu sjálfrar listarinnar“ heldur að „sýna fram á að listaverkið er í eðli sínu ekkert annað en listaverk.“ Þetta hefur Monory skilið með því að mála þessa heillandi myndsyrpum sem hann kallar einmitt Ráðgátur. Eigi að síður tekst honum að komast út fyrir leyndardómana, launhelgar eigin myndsköpunar og reynsluheims síns, og færast inn á nýtt skynsvið með aðstoð figúratífrar frásagnar.

Hann fæst meðal annars við spurninguna um sjálfsmynd og tengsl einkaheims og stjórnsmála. Ennfremur leikinn með tungumálið. Í öllum þessum viðfangsefnum sýnir hann greinilega áhuga sinn á nokkrum grundvallarhugmyndum sem tengjast launing, leyndarmálum. Orðið *secret* á frönsku er komið úr latneska orðinu *secretus*, þ.e.a.s. aðskilinn. Leyndarmál tengist þannig þeim skilum í samfélaginu þar sem opnast einhvers konar hugarheimur, vettvangur innra frelsis. Jacques Monory hefur greinilega gaman af því að blanda þessum hugarheimi saman við málverk sín þannig að úr verði órofa heild. Eflaust heppnast þetta m.a. vegna þess hvað myndræn framsætning verkanna býr yfir ríkum skáldskapareigindum. Ugglaustr einnig vegna þess hvað fyrirmyn dir, myndefni og hlutir í myndum hans hafa sterkar aukamerkingar og sömuleiðis hvernig þeim er raðað upp á myndfletinum. Ennfremur vegna þess hvernig áhorfandinn grannskoðar myndirnar, knúinn áfram af örvaentingarfullri löngun til þess að finna botn í þau einkamál sem gefin eru í skyn, í barnslegri von um að finna sannleikann um kjarna listsköpunar ... En varðandi Ráðgátu nr. 2 gerir Monory eftirfarandi játningu:

„Nýlega málaði ég mynd af völundarhúsi sem ég var ekki ánægður með. Ég málaði svart yfir hana til þess að geta byrjað upp á nýtt og hlutirnir sem ég setti inná myndflötinn fengu nýja merkingu: þráður Aríðönu, Þeseifur, inngangurinn í völundarhúsið með gullklumpi, (ég fitjaði upp á orðaleik sem tengdi Minótárus og gull – *Minotaure og d'or* er áþekkt í framburði á frönsku), blátt neonljós, orðið *neind* og orðið *Asterion* vegna þess að móðir Mínótárusar kallaði son sinn Asterion eins og Borges talaði um.“<sup>4)</sup>

Er það opinberun að vita að undir þessari mynd liggar völundarhús? Breytir vitneskjan um það viðhorfi okkar til þessa málverks? Verður leyndarmál að vera ósýnilegt til þess að réttlæta tilvist sína? ... Nei, trúlega ekki. Monory leggur á það áherslu, eins og stóuspekingar á sinni tíð, hversu hlægilega litilfjörlegt leyndarmál er. Leyndarmál er leikur að tengslum og víxlverkunum sem hverju þjóðfélagi er nauðsynlegt, en það er líka þykjusta, brella, skopstæling, eitthvað óhöndlánlegt, ekkert. Leyndarmál gufar upp og deyr vegna eigin tilgangsleysis, þess vegna er það svona fátæklegt. Möguleikinn á afhjúpun einnar endanlegrar merkingar veldur því að merkingin liðast sundur strax og búið er að nefna hana. Er afhjúpun kannski, þó undarlegt megi virðast, eina aðferðin til þess að búa til ráðgátu? ... Í þessu sambandi mætti minnast á





**GRUNNPÆTTIR EYÐILEGGINGARINNAR, 1994 –**  
1 Málverk 570 x 195 cm og 64 málverk 40 x 40 cm

dæmisöguna og listræna notkun hennar. Í dæmisögu er fjarri því að orðræðan sé óskýr og þokukennd heldur er hún þvert á móti auðskiljanleg, aðalmerkingin ótvírað. En bak við þá aðalmerkingu eru hins vegar fólgunar aukamerkingar, hliðarmerkingar sem þegar upp er staðið mynda raunverulegan merkingarkjarna dæmisögunnar. Til þess að nálgast hann verður maður að hverfa í hug og hjarta frá hinni augljósu fyrstu merkingu. Yfirleitt er dæmisaga stutt og gegndi í öndverðu því hlutverki að miðla andlegri þekkingu sem vísar út fyrir hversdagsleikann.<sup>5)</sup>

Vitanlega er Jacques Monory ekki í verkum sínum að miðla kenningum, sannleika né siðfræðiboðskap. Myndir hans eiga sér stoð í venjulegu lífi, en slagkraftur þeirra og sefjunarmáttur byggir á fjarlægð á viðfangsefnið og einnig eru óvæntir fletir þess afhjúpaðir. Myndsköpun hans byggir á fígúratífr endurgerð veruleikans en nálgast hann á þann hátt að alltaf er boðið upp á fjölmarga túlkunarmöguleika. Myndvirknin minnir einnig stöðugt á þá staðreynd að í bestu dæmisögum eru samtvinnuð djúp hugsun og einföld orðræða og nákvæm athugun á smáatriðum daglegs lífs ... Með þetta í huga mætti segja sem svo að Jacques Monory sé ekki síðri heimspekingur en listmálarí, heimspekingur sem kann að setja fram ráðgátur og miðla þeim á táknaðan hátt, hvernig þær koma fyrir og virðast vera, ekki eins og þær eru. Þessir eiginleikar hans eru sjaldgæfir í listheiminum. Frá fagurfræðilegum sjónarhóli er list hans opin list og mun þess vegna ávallt verða lifandi.

- 1) Í þessu sambandi má vísa í bók Selims Hassans, *The Sphinx, its history in the light of Recent Excavations*, Kaíró 1949 og einnig bók eftir Constant de Witt: *Le rôle et le sens du lion dans l'Égypte ancienne*, Leyde 1951.
- 2) Viðtal Géralds Gassiot-Talabots og Jean-Lucs Chalumeaus við Jacques Monory í Opus International nr. 34, bls. 15, París, haust 1994.
- 3) Arfleifð Marcks Duchamps hefur gert sumum listamönnum kleift að gera þennan leyndardóm að óápreifanlegu viðfangsefni í listaverkum sem samt eru fullkomlega raunveruleg. Eins og til dæmis Art&Language-hópurinn, Ad Reinhardt eða Mel Bochner (*Working drawings and other visible things on paper not necessarily meant to be viewed as art*, 1966).
- 4) Viðtal Géralds Gassiot-Talabots og Jean-Lucs Chalumeaus við Jacques Monory í Opus International nr. 34, bls. 15, París, haust 1994.  
Þannig felst leyndarmál ekki einvörðungu í því að fela eitthvað heldur líka að láta það ekki sjást að maður er að fela eitthvað.
- 5) Leynilegt mál, leyndar-mál, er þannig hluti af helgu mál, og öfugt. Vissulega gerir kristnin sér hugmyndir um Guð sem talar aldrei við manninn nema úr felum. Þessi grundvollarhugmynd hefur alltaf haft áhrif á túlkun ritningaránnar og sömuleiðis á ýmsa þætti samfélagsins.



RÁÐGÁTA NR. 18, 1995 – 170 x 340 cm

15




RÁÐGÁTA NR. 20, 1995 – 170 x 340 cm



16

RÁDGÁTA NR. 21, 1995 – 170 x 340 cm



RÁDGÁTA NR. 14, 1995 – 170 x 340 cm

## Jacques Monory


Fæddur í París 1934

### Helstu einkasýningar síðustu ára:

- 1987 *La Voleuse*, Galerie Lelong, París  
1988 *Le Peintre*, Galerie de l'Ancienne Poste, Calais  
*Projection*, Musée Saint-Roch, Issoudun  
1989 *Le Peintre*, Abbaye des Cordeliers, Châteauroux  
*Le Peintre bis*, Galerie Lelong, París  
*Grands formats en bleu, rose et noir*, Galerie La Défense Art 4  
1990 *Come-back*, Galerie Sonia Zannettacci, Genf  
*Alpträum*, Galerie Loft, París  
*Sade-révolution-impossible*, Centre culturel, Aosta  
1991 *Le dernier tableau*, Galerie Andata-Ritorno, Genf  
*Noir*, Galerie Lelong, París  
1992 *Suppléments*, Galerie Andata-Ritorno, Genf  
Exposition Variesselle í Séville, frönsku sýningardeildinni  
1994 *Les éléments du désastre*, Galerie Lelong, París  
1995 *Jazdinage n° 3*, Champ clause F.60  
1996 *Enigmes 1*, Galerie du théâtre, Centre Culturel de Cherbourg  
*Enigmes 2*, Galerie Le Grand Café festival "Délits d'encre": Saint-Nazaire  
Cinénigme, Villa Tamaris, La Seyne-sur-Mer  
1997 *Froid -Kuldi*, Kjarvalssstaðir  
*Enigmes No 3*, Galerie Nová Sin, Prag  
*Monograph*, Galerie Laurent Delaye, London


### Helstu samsýningar síðustu ára:

- 1987 *La fin des années 60*, Abbaye Saint-André, Meymac, Musée de Nice  
*Hommage au Président Pompidou, un homme de culture*, Galerie Artcurial, Paris  
*Vraiment faux*, Fondation Cartier, Jouy-en-Josas  
1988 *France, peintures figuratives actuelles*, Musée Tamayo, Mexikó  
*L'art moderne à Marseille*, Centre de la Vieille-Châté, Marseille  
*Vraiment faux*, Fondation Cartier, Jouy-en-Josas  
1989 1789-1989, Staatliche Kunsthalle í Berlín  
*La gitane*, Espace Cardin, París  
*Témoignage de la peinture*, Avranches  
*Sigma 25*, Bordeaux  
*Peinture et cinéma*, Centre de la Vieille-Charité, Marseille  
*L'auto-mobile de l'art*, Galerie Zannettacci, Genf  
*Estampes et révolution*, Centre national des Arts plastiques, París  
1990 *Berlin-Paris 1970-1990*, Galerie Poll, Berlín, Leipzig  
*The new Figuration, six French artists together again*, Galerie Mayer-Schwarz, Los Angeles  
"10", Galerie Zannettacci, Genf  
*Aspect de la figuration dans les années 60*, Fondation Pernod  
*Aspect des années 60*, Ville de Brive  
*Aspect de l'art contemporain*, Chalon-sur-Saône, Espace des Arts
- 1992 *Figurations critiques 1965-1975*, Elac, Lyon  
Assemblé Nationale Galerie, Buraglio, dolce, komarov Monory  
*L'art actif*, École Nationale de Beaux Arts de Paris, Fondation Stuyvesant  
*Tondo*, Centre Culturel de l'Yonne, Auxerre  
1993 *Hommage à Schwitters*, Galerie Vernstein, París  
*Art concept*, Saumur  
*Dessins*, Galerie Eva Poll, Berlín



MÉTRACRIME NO. 8, - 230 x 150 cm

- Collection Fondation Maeght, St. Paul*  
*Collection Aimé Maeght, Elac, Lyon*  
*Erró - Monory, Galerie Bergyzen, Paris*
- 1994 *Hors les Murs, Musée de Clermont Ferrand*  
*Le quart d'heure Américan, Musée de Dôle et FRAC, Dijon*  
*De l'autre côté du Voyage, Association des Donanes Rhône Alpes*  
*14 artists contemporains pour le Liban, Musée Suzsock, Beyrouth*
- 1995 *Peintures d'histoire, FRAC Provence cote AZUZ*  
*Plein cadre, Galerie Sonia Zannettacci, Genf*  
*Ciné sur toile, Centre Culturel d'Oyonnax*  
*Une collection des xx siècle, Maeght, Japan*  
*Museum of Art de Yokohama, Shizvoka, Chiba Sogo, Hokkaido Obihiyo*
- 1996 *Fond départemental art contemporain, Val de Marne*  
*Figuration Narrative, Galerie Storme, Lille*  
*100 peintures 1945-1975, UNESCO, Paris*  
*Les sixties, Musée d'Histoire Contemporaine, Hôtel des Invalides, Paris*  
*Bleu, Musée d'art et Histoire de Rochefort*  
*Chimerique Polimero, Musée Art Contemporain de Nice*
- 1997 *The Sixties the Utopia Years 1962-1973, Brighton Museum*  
*Face à l'Histoire, Centre Georges Pompidou, Paris*  
*Made in France, Centre Georges Pompidou, Paris*



I GÆR, 1994 – 230 x 320 cm



21

HÉR, 1994 – 230 x 320 cm



A. MORGUN, 1994 – 230 x 320 cm

Guðrún Jónsdóttir, formaður / chair

Guðrún Ágústsdóttir

Helgi Pétursson

Inga Jóna Þórðardóttir

Jóna Gróa Sigurðardóttir

Tryggvi Baldvinsson

Þór Vigfússon

Forstöðumaður Kjarvalsstaða / Director of Kjarvalsstaðir — The Reykjavík Municipal Art Museum:

Gunnar B. Kvaran

Þýðing / Translation:

Sigurður Pálsson

Yfirlestur handrita / Proofreading and editing:

Mörður Árnason

23

Hönnun sýningarskrár / Catalogue design:

Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

Umsjón með gerð sýningarskrár / Catalogue production:

Anna Friðbertsdóttir

Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

Skeyting og filmuvinnsla / Colour separation and montage:

Grafík hf.

Prentun og bókband / Printing and bookbinding:

Grafík hf.





Kjarvalsstaðir — Listasafn Reykjavíkur/*Reykjavík Municipal Art Museum*

Febrúar – mars 1997